


ÞRÁÐURINN ER EINS OG EILÍFÐIN

Guðrún Gunnarsdóttir veflistakona opnar sýningu á skúlptúrum úr vír á Kjarvalsstöðum í dag. Í samtali við PRÖST HELGASON segir hún að það sé engin boðskapur í verkum hennar og hún viti raunar ekki hver tilgangurinn sé með því sem hún er að gera. Hún segist helst ekki vilja skilgreina list sína heldur.

FYRIR nokkrum árum fór ég að hugsa um þráðinn sem slíkan“, segir Guðrún Gunnarsdóttir, „en þráðurinn er eins og eilífðin, hann endar hvergi. Þráðurinn er í þessu tilfalli vír sem ég móta í ýmis þrívíð form, þetta eru skúlptúrar. Það má skipta þessum verkum í tvennt; annars vegar eru þetta þræðir sem teygja sig eftir veggnum með litlum vírbútum út úr sem gætu við fyrstu sýn virst hættulegir en eru það ekki. Hins vegar hefur vírþræðinum verið vafið saman í kúlur. Þessi verk eru öll mjög opin. Í fjarlægð gætu sum verkin litið út eins og teikning á vegg en þegar nær er komið sést að þau eru öll þrívíð.“

Guðrún hefur lengst af fengist við hefðbundna veflist en hefur jafnframt lagt sig fram um að færa út landamæri hennar. „Það má kannski segja að ég hafi smám saman þróað mig í átt til þess sem ég er að gera núna. Ég er þó ekki hætt að vefa. Mér fannst hins vegar vefstóllinn farinn að vera mér til trafala; mér fannst ég ekki geta leikið mér, sleppt fram af mér beislinu. Sköpunargleðin verður að skína í gegnum verk manns, áhorfandinn verður að geta upplifað gleðina yfir því að maður er að skapa eitthvað. En mér fannst eins og ég hefði misst tókin á gleðinni og þess vegna sneri ég mér að öðru efni og öðrum aðferðum. Ég vildi komast út úr vefstólnum. Ég á hins vegar örugglega eftir að setjast við hann aftur.“

Guðrún stundaði fyrst nám á verkstæði Kim Naver í Kaupmannahöfn og síðar við Haystack Mountain School of Art and Craft í Main í Bandaríkjunum. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum bæði héraðs og erlendis.



Morgunblaðið/Kristinn

GUÐRÚN Gunnarsdóttir segir að verk sín fjalli um eilífðina.

Eilífðin

„Á þræðinum er hvorki upphaf né endir“, segir Guðrún, „ekki frekar en á óendanleikanum, eilífðinni. Það er samt varla hægt að hugsa sér eilífðina myndrænt. Þetta er frekar hugtak sem tengist hugarfari manns, lífsviðhorfi; hún tengist því kannski helst hvort maður er hamingjusamur eða óhamingjusamur.“

– Er eilífðin ekki kristileg hugmynd?
„Jú, og þá eru verk mín kannski trúarleg? Ég hafði reyndar ekki gert ráð fyrir því að þau yrðu það, en vera má að þau beri í sér einhverjar trúarlegar vísanir, einhverja trúarlega þanka.“

Engin tilgangur

„Annars er engin boðskapur í verkum mínum“, segir Guðrún, „það er ekki tilgangurinn með list minni að boða einhverja skoðun eða hugmynd. Ég hef reyndar oft velt því fyrir mér hver sé tilgangurinn með því sem ég er að gera en aldrei komist að neinni niðurstöðu. Kannski er tilgangurinn bara sá að leyfa öðru fólki að eignast hlutdeild í sköpunargleðinni sem

ég gat um áðan.“

– En þarf að vera einhver tilgangur með listinni?

„Sú spurning hefur reyndar læðst að mér. Líka hvort það þurfi að skilgreina alla hluti? Það er mjög erfitt að þurfa alltaf að skilgreina það sem maður er að gera. Bara það að vera til og upplifa sköpunina er í raun meira en nóg. Hluturinn þarf ekki að vera skilgreindur eða skipta einhverju máli til að vera merkilegur. Við erum bara svo föst í þessum hefðbundnu viðhorfum um tilgang og merkingu.“


Guðrún vill helst sprengja af sér allar takmarkanir, öll höft. Og það á ekki aðeins við um hugmyndalegar forsendur listar hennar eins og Auður Ólafsdóttir bendir á í grein í sýningarskrá: „Guðrún Gunnarsdóttir hefur á síðustu árum verið að fíkra sig áfram með möguleika þráðarins í þrívíddinni. Segja má að þráður hennar leiði auga áhorfandans langt út fyrir afmarkaða veggj sýningarsalarins. Í raun er ekkert sem hindrar frekari vöxt verka hennar út í óvissuna.“

Sýning Guðrúnar stendur til 19. október og er opin daglega frá 10-18.



Morgunblaðið/Porkell

„ÞRÁÐURINN er í þessu tilfalli vír sem ég móta í ýmis þrívíð form, þetta eru skúlptúrar,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir.



ka afskiptasemi.“

Morgunblaðið/Porkell

HEIMA

ingar og figúrur. Sayag segir að Matta hafi alltaf verið mjög opin og þá sérstaklega gagnvart ungum listamönnum. „Hann hefur alltaf haft mikil samskipti við unga listamenn. Ég gæti trúað því að hann sé að endurgjalda þann greiða sem eldri listamenn, eins og Breton, gerðu honum þegar hann kom fyrst til Parísar ungur að árum, hann vill skila þessari hefð og þekkingunni áfram til yngri kynslóða. Svo var það nú einu sinni hlutverk Parísar að bræða saman gamalt og nýtt, hið þekkt og hið framandi – og er vonandi enn þá. Ég veit að Erró er honum mjög þakklátur fyrir að hafa tekið sér sem jafningja en Matta hafði mikil áhrif á list hans á þessum tíma.“

Ég er ekki listamaður

Þegar Sayag er beðinn um að segja frá verkunum á sýningunni á Kjarvalsstöðum segir hann að það sé alltaf erfitt að lýsa sýningum, sérstaklega þar sem Matta eigi í hlut. „Hann hamrar sífellt á því að hann sé ekki málari eða listamaður. Honum er illa við framleiðslumyndina sem listamaðurinn hefur fengið á sig. En hvað um það. Á sýningunni verða málverk, skúlptúrar, pastelmyndir og klippimyndir. Þetta eru allt verk frá síðustu tíu árum sem ég hef valið í samráði við listamanninn sjálfan. Þarna er til dæmis spennandi verk sem samanstendur af þremur borðum sem tákna þrjú skeið í mannkynssögunni. Fyrsta borðið táknar gríska fornöld en við það eru orðin rannsókuð í heimspekilegri samræðu. Annað borðið á að tákna tíma Krists og vísar til síðustu kvöldmáltíðarinnar. Þriðja borðið táknar svo okkar tíma en þá er farið að framleiða ýmsa hluti á borðinu. Verkið sýnir þannig ákveðna þróun á því hvernig menn hafa skynjað borðið og hlutverk þess í gegnum aldirnar, það er að segja frá heimspekinni til framleiðslunnar. Þarna eru einnig klippimyndir unnar með aðstoð ljósritunarvélar. Og málverk sem taka á frumspekilegum spurningum um rými. Annars er sjón sögu ríkari.“

Sýningin er opin daglega frá kl. 10–18.